


Deiliskipulag Iðnaðar- og athafnasvæðis vestan Kvernár dags. 18. mars 1999 m.s.br. í mkv. 1:1000




Breyting á deiliskipulagi í mkv. 1:1000

## Greinargerð

Gerð er breyting á deiliskipulagi iðnaðar- og athafnasvæðis vestan Kvernár dags. 18.3.1999, m.s.br. Breyting á deiliskipulagi er í samræmi við gildandi Aðalskipulag Grundarfjarðar 2019-2039.

*Í breytingunni felst eftirfarandi:*

- Deiliskipulagssvæðið stækkar til suðurs um 1.796 m$^2$.
- Vegurinn Hjallatún verður 7,0 m að breidd í stað 7,5 m.
- Gangstétt norðan megin Hjallatúns er felld út og lóðir norðan Hjallatúns stækka sem því nemur.
- Gangstétt sunnan megin Hjallatúns verður 1,5 m á breidd í stað 2,0 m.
- Byggingarreitir eru stækkaðir til að auka sveigjanleika í uppbyggingu á svæðinu. Nýtingarhlutfall helst óbreytt.
- Fallið er frá kröfu í gildandi deiliskipulagi um að mænisstefna bygginga sé norður-suður og að á norðurhlið bygginga skuli gluggar vera að lágmarki 5% af veggfleti.
- Um svæðið liggur 19 kV háspennustrengur og hann sýndur á uppdrætti. Staðsetning háspennustrengs er ekki hnitsett og skal því sýna varúð við allar framkvæmdir í grennd við strenginn. Hafa skal samráð við RARIK ef talið er að framkvæmdir geti haft áhrif á strenginn.
- Gerðar eru breytingar á heitum lóða og lóðastærðum sbr. töflu:

| Fyrir breytingu | | Eftir breytingu | |
|---|---|---|---|
| *Heiti lóðar* | *Stærð* | *Heiti lóðar* | *Stærð* |
| Hjallatún 4 | 1.900 m$^2$ | Hjallatún 1 | 1.958 m$^2$ |
| Hjallatún 4b | 4.569 m$^2$ | Hjallatún 3 | 1.753 m$^2$ |
| | | Hjallatún 5 | 4.035 m$^2$ |
| Hjallatún 2 | 388 m$^2$ | Hjallatún 2 | 3.159 m$^2$ |
| Hjallatún 6b | 5.433 m$^2$ | Hjallatún 4 | 3.160 m$^2$ |
| Hjallatún 5c | 1.206 m$^2$ | Hjallatún 6 | 1.422 m$^2$ |
| Ártún 2 | 1.388 m$^2$ | Ártún 2 | 1.556 m$^2$ |
| Ártún 6 | 2.704 m$^2$ | Ártún 6 | 2.950 m$^2$ |

## Málsmeðferð

Tillagan var auglýst í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 10 maí sl. á heimasíðu sveitarfélagsins, í Lögbirtingablaðinu og Skessuhorni. Athugasemdafrestur var til og með 23. júní. Útprentað eintak lá frammi í móttöku ráðhúss sveitarfélagsins. Opið hús var haldið í Sögumiðstöðinni í Grundarfirði 8. júní sl.

Engar athugasemdir bárust á auglýsingartíma tillögunnar. Umsagnir bárust frá Mílu, Minjastofnun Ísland, Heilbrigðiseftirliti Vesturlands, Umhverfisstofnun og Vegagerðinni sem gerðu ekki athugasemdir við tillöguna. Í umsögn RARIK var bent á að 19 kV háspennustrengur liggur um svæðið. Brugðist var við ábendingu RARIK og háspennustrengur færður inn á uppdrátt.




Snið A í mkv. 1:500 sem sýnir áætlaða hæðarlegu.



**Skýringarmynd:**
Hluti Aðalskipulags Grundarfjarðarbæjar 2019-2039

Skýringar

- Deiliskipulagsmörk
- Svæði sem breyting nær til
- Lóðamörk
- Metralóðir
- Byggingarreitir
- Bundin byggingarlína
- 3 — Númer lóðar
- L: 500,0 m$^2$ NH: 0,3 — Stærð lóðar og hámarks nýtingarhlutfall
- Gangstétt
- Veghelgunarsvæði
- 8 — Fjöldi bílastæða - *leiðbeinandi*
- Jarðstrengur (19 kV)

Deiliskipulag þetta hefur fengið meðferð í samræmi við ákvæði 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 m.s.br. og var samþykkt í bæjarstjórn Grundarfjarðarbæjar þann

______________________ ______.

Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann

______________________ ______.

______________________

*f.h. Grundarfjarðarbæjar*

Grundarfjarðarbær

# Iðnaðar- og athafnasvæði vestan Kvernár

Breyting á deiliskipulagi

| Dags.: | Mælikvarði: | Útgáfunr.: | Teikn.nr.: |
|---|---|---|---|
| 12. júlí 2023 | 1:1000 @ A2 | A1600-020-U01 | 1/1 |
| Teikn./Yfirfarið: | Hnitakerfi: | Hæðarkerfi: | |
| ÞK/HH,KÞ | ISN 93 | ISH2004 | |

alta@alta.is / www.alta.is